SAMBAND SVEITARFÉLAGA Á SUÐURNESJUM

ÁRSSKÝRSLA 2019

HEKLAN, atvinnuþróunarfélag Suðurnesja
Markaðsstofa Reykjaness
Reykjanes Unesco Global Geopark

Inngangur

Samtök sveitarfélaga í Reykjanesumdæmi voru stofnað árið 1964. Þeim samtökum var skipt upp árið 1978 og var gamla Reykjaneskjördæmið starfsvettvangur þeirra. Þeim samtökum var svo skipt upp og Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum eins og það er í dag varð til árið 1978. Hins vegar höfðu verið starfandi formleg samstarfssamtök sveitarfélaga á Suðurnesjum frá 1971.

Aðildarsveitarfélög Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum eru fjögur, og voru íbúar svæðisins 27.829 þann 1. janúar 2020.

Markmið Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum er m.a. að vinna að hagsmunum sveitarfélaganna, efla samvinnu og samstarf sveitarstjórna og sveitarfélaga, vinna að sameiginlegum málum er löggjafinn kann að fela því og koma fram sem heild í sameiginlegum málum gagnvart ríkisvaldinu sem og öðrum.

Heklan, atvinnuþróunarfélag Suðurnesja starfar skv. samningi Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum og Byggðastofunnar.

Markmið samningsins eru:

- Að skapa grundvöll fyrir markvisst samstarfs Byggðastofnunar og annarra stofnana iðnaðarráðuneytisins við atvinnulíf og mennta- og menningarstofnanir á Suðurnesjum um atvinnu- og byggðaþróun. Að þessu verður unnið í samræmi við stefnu Alþingis í byggðamálum og aðra stefnumótun iðnaðarráðuneytisins með áherslu á búsetuskilyrði og samkeppnishæfni, nýsköpunar- og atvinnuþróunarstarf.
- Samþætta áherslur ríkisins (sbr. t.d. Ísland 2020) og sameiginlegar áherslu á starfssvæði S.S.S.
- Uppbygging og gagnkvæm miðlun þekkingar, reynslu og hæfni á sviði atvinnu- og byggðarþróunar milli samningsaðila.

Atvinnuþróunarfélag Suðurnesja er rekið sem sérstök deild innan Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum. Félagið er skráð á kennitölu S.S.S.

Stjórn

- Formaður Sigurgestur Guðlaugsson, Reykjanesbæ
- Varaformaður Magnús Stefánsson, Suðurnesjabær
- Fannar Jónasson, Grindavík
- Ásgeir Eiríksson, Vogar
- Ísak Ernir Kristinsson, Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar
- Guðjón Skúlason,Samtök atvinnurekenda á Reykjanesi
- Brynhildur Kristjánsdóttir, Ferðamálasamtök Reykjaness
- Sigrún Elefsen, áheyrnarfulltrúi Ferðamálasamtök Reykjaness

Starfsmenn

- Berglind Kristinsdóttir framkvæmdastjóri Heklan, atvinnuþróunarfélag og SSS
- Björk Guðjónsdóttir verkefnastjóri Uppbyggingarsjóður Suðurnesja, Heklan
- Dagný Gísladóttir verkefnastjóri nýsköpun og miðlun, Heklan
- Daníel Einarsson verkefnastjóri Reykjanes UNESCO Global Geopark
- Eyþór Sæmundsson verkefnastjóri Markaðsstofa Reykjaness Miðlun og markaðssetning
- Þuríður Aradóttir Braun forstöðumaður Markaðsstofa Reykjaness

Daníel Einarsson og Eyþór Sæmundsson voru ráðnir til Heklunnar á árinu. Daníel tók við Reykjanes Geopark af Eggerti Sólberg Jónssyni og Eyþór var ráðinn til tímabundinna verkefna hjá Markaðsstofu Reykjaness.

Markmið	Að auka þekkingu starfsmanna
Aðgerð	Starfsmenn Heklunnar sitji amk 2 námskeið á árinu 2019 með það að markmiði að auka þekkingu sína og getu til að takast á við dagleg störf.
Árangur	Alls voru sótt 8 námskeið

Markmið	Að allir starfsmenn Heklunnar sæki ráðstefnu og vinnustofu í janúar
Aðgerð	Sameiginleg ráðstefna og vinnustofa atvinnuþróunarfélaga landshlutasamtakanna, Markaðsstofa, stýrihóps stjórnarráðsins og ráðuneytisins fundi saman þar sem sameiginlegar áherslur, markmið og tengsl áætlana eru rædd.
Árangur	Starfsmenn sóttu ráðstefnuna "Samtal um stefnur ríkisins í landshlutum" sem haldin var á Hótel Örk í Hveragerði dagana 22. - 23. Janúar 2019. Þátttakendur voru auk Byggðastofnunar; Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, landshlutasamtök sveitarfélaga, atvinnuþróunarfélög, stýrihópur Stjórnarráðs um byggðamál, Samband íslenskra sveitarfélaga, Íslandsstofa, Ferðamálastofa, Nýsköpunarmiðstöð, Rannsóknasetur sveitartstjórnarmála, símenntunarmiðstöðvar og markaðsstofur. Þá gerðu starfsmenn ráðuneyta grein fyrir stefnum ráðuneyta sinna auk þess að sitja ráðstefnuna.

Ársskýrsla 2019

Markaðsstofa Reykjaness
Markaðsstofa Reykjaness er samstarfsvettvangur sveitarfélaga og ferðaþjónustunnar á Reykjanesi. Hún er drifkraftur þróunar ferðamála á Reykjanesskaganum og fyrsti snertiflötur í málefnum greinarinnar á starfssvæðinu sem nær yfir sveitarfélögin fjögur; Grindavíkurbæ, Reykjanesbæ, Suðurnesjabæ og Sveitarfélagið Voga. Starfsmenn markaðsstofunnar búa yfir sérþekkingu og yfirsýn yfir málaflokkinn, ásamt því að hafa víðtæk tengsl innan svæðisins, við önnur landsvæði og erlendis.

Meginhlutverk Markaðsstofu Reykjaness er að vekja athygli á Reykjanesi sem áfangastað fyrir bæði innlenda og erlenda gesti.

Stjórn MR

- Sigurgestur Guðlaugsson, Reykjanesbæ, formaður
- Magnús Stefánsson, Suðurnesjabær, varaformaður
- Fannar Jónasson, Grindavík
- Ásgeir Eiríksson, Vogar
- Ísak Ernir Kristinsson, Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar
- Guðjón Skúlason,Samtök atvinnurekenda á Reykjanesi
- Brynhildur Kristjánsdóttir, Ferðamálasamtök Reykjaness

Reykjanes Unesco Global Geopark (RGP)

Reykjanes Unesco Global Geopark er samstarfsvettvangur hagsmunaaðila á Reykjanesi sem byggir á því að nýta sérstöðu svæðisins, þ.e. merkilega jarðfræðiarfleið og einstaka jarðsögu, til verðmætasköpunar. Markaðsstofa Reykjaness og Reykjanes Geopark starfa saman að því að koma upplýsingum um sérstöðu svæðisins á framfæri. Verkefnastjóri er starfsmaður Heklunnar.

Stjórn RGP

- Ásgeir Eríksson, formaður, Sveitarfélagið Vogar
- Magnús Stefánsson, Suðurnesjabæ
- Sigurgestur Guðlaugsson, Reykjanesbæ
- Fannar Jónasson, Grindavík
- Berglind Kristinsdóttir Heklan - atvinnuþróunarfélag Suðurnesja
- Kristín Vala Matthíasdóttir, HS orka
- Árni Sigfússon, Bláa Lónið

Markmið

Fá svæði á Íslandi búa yfir jafnmiklum tækifærum til vaxtar og Suðurnes. Gjöfular auðlindir til lands og sjávar, góðar samgöngur, mikil náttúrufegurð, fjölsóttir ferðamannastaðir, öflugir innviðir, nálægð við höfuðborgarsvæðið og helsti alþjóðaflugvöllur landsins gera það að verkum að Suðurnes eru fyrsta flokks staður til búsetu og atvinnurekstrar. Framtíðarsýn okkar er að árið 2020 standi Suðurnes jafnfætis sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu í samkeppni um fólk og fyrirtæki.

Til að svo megi verða þarf að hlúa vel að atvinnulífi og íbúum svæðisins og snúa veikleikum þess upp í tækifæri. Suðurnes þurfa að vera umhverfis- og fjölskylduvænt samfélag, aðlaðandi og öruggt, þar sem saman fara öflugt atvinnulíf, blómlegt menningarstarf, framúrskarandi skólastarf og góður jarðvegur fyrir nýsköpun, frumkvæði og skapandi hugsun.

Verkefnin framundan eru að renna styrkum stoðum undir öflugt atvinnulíf til framtíðar. Fjölga þarf fjölbreyttum atvinnutækifærum og vel launuðum störfum og stuðla að samstarfi fyrirtækja og auka erlenda sem innlenda fjárfestingu í atvinnulífi á Suðurnesjum. Auðlindir Suðurnesja skulu nýttar á sjálfbæran hátt í sátt við umhverfið, atvinnulífi og mannlífi á Suðurnesjum til heilla.

Fjölga þarf tækifærum til náms og bæta frammistöðu nemenda á öllum skólastigum. Einnig ber að renna frekari stoðum undir háskólakennslu og rannsóknir á Suðurnesjum og vinna að tengingu þeirra við atvinnulífið. Fjölga þarf atvinnutækifærum fyrir háskólamenntað fólk.

Bæta þarf samgöngur enn frekar, innan svæðis og við höfuðborgarsvæðið og gera þær umhverfisvænni. Rétt er að horfa til uppbyggingar lestarsamgangna í þeim efnum. Efla þarf samvinnu sveitarfélaganna á svæðinu og bæta þjónustuna við íbúana enn frekar.

Vinna þarf að vexti og viðgangi öflugs menningarlífs með auknu samstarfi milli menningarstofnana, eflingu þeirra stofnana sem fyrir eru og fjölgun atvinnutækifæra á sviði menningar, lista og menningartengdrar ferðaþjónustu.

Sóknaráætlun og Uppbyggingarsjóður

Unnið var eftir markmiðum Sóknaráætlunar Suðurnesja 2015 – 2019 .
Markmið sóknaráætlunar er að ráðstafa þeim fjármunum sem ríkið hefur varið í atvinnu-, byggða- og menningarmál á Suðurnesjum í samræmi við stefnu landshlutans.

Markmið	Að auka samvinnu ríkisvaldsins og sveitarfélaganna með það fyrir augum að stofnanir ríkisins geti stutt við uppbyggingu á Suðurnesjum og brugðist sé við þörfum samfélagsins
Aðgerð	Taka saman og halda utan um tölulegar upplýsingar um framlög til ríkisstofnanna á Suðurnesjum. Fundað sé regulega með þingmönnum svæðisins. Unnið sé eftir verkefnum Byggðaáætlunar 2018-2024 t.d. með gerð þjónustukorts, nærþjónustu við innflytjendur og að verkefni um vaxtarsvæði sé virkjað.

Ársskýrsla 2019

Árangur	Teknar voru saman upplýsingar um fjárframlög til stofnana en þar sitja Suðurnes við skertan hlut. Þær upplýsingar voru kynntar þingmönnum, bæjarstjórum og starfsmönnum ráðuneyta. Suðurnes fengu úthlutað kr. 250 milljónum aukalega og lokið var við skýrslu um stöðu Suðurnesja í samstarfi við ríkisvald.

Uppbyggingarsjóður styður við menningar-, atvinnu- og nýsköpunarverkefni í samræmi við þau markmið sem sett voru í sóknaráætlun 2015 - 2019. Uppbyggingarsjóður úthlutaði árið 2019 54.420.000 til 36 verkefna á Suðurnesjum en samtals bárust 55 umsóknir upp á rúmlega 135 milljónir króna.

Ráðgjöf 2019

Ráðgjöf verkefnastjóra er skráð niður og flokkuð eftir atvinnugreinaflokkun ÍSAT skv. samningi við Byggðastofnun.

Ráðgjöf var helst veitt í eftirfarandi atvinnugreinaflokkum:

- Iðnaður
- Landbúnaður, skógrækt og sjávarútvegur
- Framleiðsla

- Rekstur gisti- og veitingastaða
- Menning



Áttu þar helst í hlut einstaklingar og fyrirtæki en minnst sveitarfélög. Var ráðgjöfin að mestu í formi heimsókna eða í t-pósti og meðaltími ráðgjafar 1-2 klst.

Sjá má frekari niðurgreiningu hér.

Suðurnes 2019

Hér má sjá þær fréttir sem skrifaðar voru á árinu þar sem teknar eru saman upplýsingar sem birtar eru s.s. hagtölur, fasteignamat, atvinnutekjur, hagvöxtur svæða og svo framvegis. Fréttirnar gefa góða mynd af stöðu landshlutans árið 2019.

Atvinnutekjur aukast

Atvinnutekjur á Suðurnesjum jukust um 32,5 milljarða kr. frá árinu 2008 eða um tæp 53% sem er langt yfir landsmeðaltali eða ríflega 24%.

Þetta kom fram í skýrslu Byggðastofnunar um atvinnutekjur 2008-2018 eftir atvinnugreinum og landshlutum.

Heildaratvinnutekjur á Suðurnesjum á árinu 2018 námu 94 milljörðum kr. sem var aukning um 8,6 milljarða kr. frá fyrra ári sem er aukning upp á 10%.

Meðalatvinnutekjur á Suðurnesjum voru heldur lægri en landsmeðaltal. Reykjanesbær og Grindavík eru við meðaltal svæðisins á meðan Suðurnesjabær og Sveitarfélagið Vogar voru nokkru neðar. Hlutfall atvinnutekna kvenna á Suðurnesjum var 36% á árinu 2018 nema í Grindavík þar sem hlutfallið var aðeins 33%.

Langstærsta atvinnugreinin á Suðurnesjum mæld í atvinnutekjum var flutningar og geymsla og þar á eftir kemur leiga og sérhæfð þjónusta en báðar greinarnar byggjast að miklu leyti á ferðaþjónustu og þar af leiðandi á starfsemi sem tengist Keflavíkurflugvelli. Þetta voru einnig

þær greinar sem mestur vöxtur hefur verið í undanfarin ár. Grindavík er undantekning á svæðinu en þar eru fiskveiðar og fiskvinnsla langstærstu greinarnar.

Stöðugildum ríkis fjölgar

Stöðugildum hjá ríkinu fjölgaði um 11,5% á Suðurnesjum eða um 0,8% á milli áranna 2016 – 2017. Helsta breytingin var í Reykjanesbæ þar sem stöðugildum fjölgaði um 12,6% og munar þar helst um fjölgun hjá Lögreglustjóra Suðurnesja.

Þetta kom fram í úttekt Byggðastofnunar á fjölda ríkisstarfa 2018 þar sem þau eru greind eftir búsetusvæðum og kyni.

Stöðugildum á landsvísu fjölgaði um 446 eða um 1,84% á milli áranna 2017 – 2018. Fjölgun er á stöðugildum í öllum landssvæðum. Líkt og áður eru stærstu þéttbýlisstaðir í hverjum landshluta að bæta við sig stöðugildum á milli ára.

Fasteigna- og lóðamat hækkar

Heildar fasteigna- og lóðarmat hækkaði mest í Reykjanesbæ eða um 37,7% og er nú 48,5 m.kr. næst á eftir Akureyri. Þetta kom fram í samanburði á fasteignamati og fasteignagjöldum Byggðastofnunar fyrir árið 2019.

Þegar horft er á heildarkostnað þ.e. fasteignaskatt, lóðarleigu, fráveitugjald, vatnsgjald og sorpgjöld eru gjöldin hæst í Reykjanesbæ þriðja árið í röð eða 453 þ.kr. en voru 389 þ.kr. fyrir ári síðan. 2019 voru gjöldin lægst í Grindavík 259 þ.kr.

Lóðarleiga í Reykjanesbæ er áberandi hæst miðað við viðmiðunarsvæði eða 118 þ.kr. Það er rúmlega 33% hærra en í Grundarfirði þar sem næst hæsta lóðarleigan var, 89 þ.kr. á ári. Lægst er lóðarleigan í Bolungarvík tæpar 17 þ.kr. á ári sem er rúmlega 600% lægra en í Keflavík. Grindavík var með lægsta vatnsgjaldið, tæpar 20 þ.kr. sem er 337% lægra en á Siglufirði.

Hagvöxtur á Suðurnesjum frá hruni einstakur

Frá hruni bankanna hefur framleiðsla vaxið meira á þremur landsvæðum: Suðurnesjum, Suðurlandi og Norðurlandi eystra þar sem hagvöxtur var 15-18%, langt yfir landsmeðaltali sem var 10%.

Þetta kom fram í skýrslu sem unnin var af Byggðastofnun um hagvöxt landshluta frá hruni og fram til 2016.

Meginskýringin á hagvexti á árunum 2008 til 2016 er vöxtur í þjónustugreinum sem snúa margar að ferðajónustu. Sá vöxtur ræður mestu um hagvöxt á Suðurnesjum, þar sem Keflavíkurflugvöllur hefur þanist út. Flugvöllurinn var næstmesta hagvaxtarsvæðið á árunum 2008 til 2016, ekki langt á eftir Suðurlandi og eru ferðamannagreinarnar verslun, hótel, samgöngur og fleira hvergi eins mikilvægar á Suðurnesjum en hlutur þeirra óx úr 22% árið 2009 í 29% 2016. Umferð um völlinn jóst um 160% á tímabilinu samkvæmt upplýsingum Hagstofu.

Vöxtur í sjávarútvegi tengist flugvellinum í Keflavík, en árið 2016 var 88% meira flutt út af nýjum fiski með flugvélum en 2008. Þessi breyt-ing skil-ar sér í mun hærra afla-verðmæti, en fersk-ur fisk-ur sem flutt-ur er út með flugi get-ur skilað allt að 20% hærra verði til fram-leiðand-ans held-ur en fryst-ur fisk-ur.

Suðurnes eftirsótt búsetusvæði

Vöxturinn á Suðurnesjum var geysimikill eftir 2012 og hefur fólki fjölgað mikið á svæðinu. Suðurnesin hafa verið eftirsótt til búsetu og eru nú orðið fjórða stærsta sveitarfélag landsins.

Á árunum 2016 og 2017 fluttu rúmlega þúsund fleiri frá höfuðborgarsvæðinu til Suðurnesja og Suðurlands en hina leiðina. Fram að hruni bankanna var straumurinn líka í þessa átt. Ætla má að dýrt húsnæði á höfuðborgarsvæðinu ráði hér nokkru. Margir sækja áfram vinnu í höfuðborginni.

Atvinnuleysi á Suðurnesjum

Atvinnuleysi á Suðurnesjum jókst mun hraðar en annars staðar á landinu, einkum vegna samdráttar í flugrekstri og tengdum greinum í flutningum og ferðaþjónustu.
Vóg þar þungt gjaldþrot flugfélagsins WOW sem hafði mikil áhrif á tengd þjónustustörf á Keflavíkurflugvelli en þá var virkjuð viðbragðsáætlun Vinnumálastofnunar. Þann 8. apríl höfðu 740 fyrrum starfsmenn Wow air sótt um atvinnuleysisbætur. Af þeim bjuggu 610 á höfuðborgarsvæðinu, 108 á Suðurnesjum en 22 annars staðar.
Skráð atvinnuleysi í desember var langmest á Suðurnesjum eða 8,7 prósent á móti 4,3% á landsvísu.

Nýsköpun og miðlun

Verkefnastjóri Dagný Gísladóttir

Heklan miðlar upplýsingum til hagsmunaaðila á starfssvæði er snúa að nýsköpun og atvinnuþróun og veitir jafnframt upplýsingar um svæðið.

Upplýsingamiðlun

heklan.is

Upplýsingar um starfsemi Heklunnar eru veittar á slóðinni heklan.is en þar er jafnframt haldið utan um gagnasafn er varðar greiningu á svæðinu. Á vefnum er hægt að panta viðtal við ráðgjafa, skrá sig á viðburði á vegum Heklunnar, fylgjast með styrkjum í auglýsingaferli og skrá sig á póstlista.

Samfélagsmiðlar

Heklan er á Facebook og miðlar þar reglulega upplýsingum. Keyptar eru auglýsingar þar til þess að kynna sérstaklega viðburði og fræðslu á vegum Heklunnar.

Heklupóstur

Rafrænt fréttabréf Heklunnar er sent úr reglulega á yfir 300 netföng og hefur 25% lestur sem er yfir meðaltali. Veittar eru uppl. um styrkjamöguleika, námskeið og fyrirlestra sem og nýsköpun á svæðinu.

Fjölmiðlar

Heklan veitir upplýsingar til fjölmiðla þegar auglýst er eftir áhugaverðum nýsköpunarverkefnum á svæðinu. Heklupóstur, rafrænt fréttabréf Heklunnar fer á alla fjölmiðla en að auki eru sendar út fréttatilkynningar vegna viðburða og nýsköpunarverkefni hafa verið sérstaklega kynnt hverju sinni t.d. við úthlutun styrkja.
Heklan er í samstarfi við auglýsingastofuna HN Samskipti um pr miðlun frétta í samstarfi við sveitarfélög og hagsmunaaðila. Allir geta sent fréttir á sameiginlegt netfang sem Heklan fylgir eftir til fjölmiðla. Samstarf milli sveitarfélaga hefur gefið góða raun og aukið fjölbreytni frétta af svæðinu.

Fræðslufundir og ráðstefnur

Kaupfélag Suðurnesja og Heklan stóðu sameiginlega að fræðsludagskrá sem miðaði að því að auka þekkingu og samkeppnisfærni á Suðurnesjum.

Boðið var upp á fjölbreyttar kynningar, námskeið og vinnustofur sem henta jafnt frumkvöðlum, fyrirtækjum í nýsköpun, fyrirtækjum í ferðaþjónustu, samtökum og almenningi sem vill bæta við sig þekkingu.

Ársskýrsla 2019

Nýsköpunarmiðstöð Íslands bauð námskeið og fræslu vegna aukins atvinnuleysis á svæðinu. Má þar nefna Ræsingu, samkeppni um bestu viðskiptaáætlunina, Ratsjána og örnámskeið. Auglýst var eftir þátttakendum í Brautargengi fyrir konur en ekki náðist nægur fjöldi, en margar konur af Suðurnesjum hafa sótt námskeiðið til Reykjavíkur frá því að það var síðast haldið á Suðurnesjum.

- **Námskeið í stofnun fyrirtækja** 4. apríl - Haukur Guðjónsson
- **Samfélagsmiðlar - hvað er í boði og hvernig nýtast þeir?** 14. maí - Sahara
- **Ratsjáin fyrir stjórnendur í ferðaþjónustu**
- **Ræsing Suðurnesja** 23. september – samkeppni um bestu viðskiptahugmyndina
- **Hvar er fé að finna og hvar sækja frumkvöðlar fé?** - 10. október - ráðstefna í samstarfi við Eignarhaldsfélag Suðurnesja
- **Stafræn framtíð og þjónusta** - 15. október - Arnfríður Thorarensen
- **Ný sóknaráætlun fyrir Suðurnes** 17. október - vinnufundur
- **Vöruþróun - eitthvað oná brauð? -** Vert markaðsstofa 5. nóvember
- **Græn fyrirtæki og framtíðin** 26. nóvember – Umhverfisstofnun

Markmið	Að auka samkeppnishæfni fyrirtækja á Suðurnesjum
Aðgerð	Að standa fyrir námskeiðum og kynningum fyrir sprotafyrirtæki og fyrirtæki í nýsköpun. Haldnar skulu að lágmarki 7 kynningar.
Árangur	Haldnar voru fimm kynningar, þrjú námskeið, ein ráðstefna, opinn vinnufundur og staðið fyrir samkeppni um bestu viðskiptaáætlunina.

Ræsing Suðurnesja

Heklan stóð fyrir Ræsingu Suðurnesja í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð Íslands en þar var keppt um bestu viðskiptaaætlunina í stuttum hraðli. Þátttakendur unnu að viðskiptaáætlun sinni í 7 vikur og fengu á þeim tíma fræðslu og stuðning frá verkefnastjóra NMÍ og Heklunni við gerð viðskiptaáætlunar og hugsanlega vöruþróun og frumgerðarsmíði.

Verkefni Mannvit og malbik ehf fékk fyrstu verðlaun, eina milljón króna, til þróunar og markaðssetningar á vöru sem kallast Öryggiskrossinn. Viðskiptahugmyndin felst í hagkvæmari og umhverfisvænni leið til þess að merkja flugbrautir sem unnið er að endurbótum á, þannig að staða brautanna sjáist úr lofti.

Nýsköpun og ráðgjöf

Heklan veitir upplýsingar og leiðsögn fyrir frumkvöðla og sprotafyrirtæki. Þar er á einum stað hægt að leita aðstoðar um allt sem við kemur viðskiptahugmyndum og þróun þeirra sem og almennum rekstri fyrirtækja. Leiðbeint er um gerð viðskiptaáætlunar, styrkjamöguleikar kannaðir sem og fjármögnun.

Áhersla var lögð á að kynna þau lán og styrki sem henta frumkvöðlum og auka hlutfall umsókna frá svæðinu. Sérstaklega var horft til þess að auka hlutfall þeirra á Suðurnesjum sem sækja um lán hjá Byggðastofnun.

Markmið	Að fjölga lánsumsóknum til Byggðastofnunar frá fyrirtækjum á Suðurnesjum
Aðgerð	Haldnar verði kynningar á lánamöguleikum í samstarfi við Byggðastofnun.
Árangur	Aðeins fjórar lánsbeiðnir bárust frá Suðurnesjum til Byggðastofnunar árið 2019 af 136 lánsbeiðnum fyrir landið allt eða um 3%, þær voru allar samþykktar. Sami fjöldi lánsbeiðna barst árið 2018 en þá voru lánsbeiðnir fyrir allt landið 132 og hlutfallið því rétt rúm 3% það ár.

Fyrirtækjakönnun landshluta

Atvinnuþróunarfélög landshluta, í samstarfi við Byggðastofnun, létu vinna fyrirtækjakönnun árið 2019 og tók Heklan þátt í þeirri vinnu. Könnunin var send rafrænt á fyrirtæki á svæðinu, allt frá einyrkjum til stærri fyrirtækja. Í könnuninni var leitað eftir viðhorfi forsvarsmanna fyrirtækja á landsbyggðinni til núverandi stöðu þeirra og framtíðarhorfa.

Niðurstöður sýndu að bjartsýni ríkti á Suðurnesjum og var fjárfestingarhugur fyrirtækja hvergi meiri á landinu sem er grátlegt í ljósi þess að fall Wow air breytti þeim forsendum töluvert. Þetta var í fyrsta sinn sem slík könnun var gerð fyrir allt landið en þannig fæst frekari samanburður við önnur landssvæði

Fyrirtæki á Suðurnesjum voru langlíklegust til að ráða fólk, þá sérstaklega þjónustufyrirtæki og fyrirtæki í ferðaþjónustu. Þetta átti við öll sveitarfélög utan Reykjanesbæjar. Nokkuð margir þátttakendur sögðu hinsvegar skort vera á menntuðu starfsfólki sem og fólki með ákveðna færni. Átti þetta sérstaklega við ferðaþjónustufyrirtæki.

Á Suðurnesjum kom fram mesti fjárfestingahugur þegar landshlutarnir voru bornir saman. Þar stóðu fyrirtæki með dreifða starfsemi út úr og framleiðslufyrirtæki. Þessi hugur verður líklegast rakin til þjónustufyrirtækja og framleiðslufyrirtækja annarra en í sjávarútvegi. Hins vegar var lítill fjárfestingarhugur í ferðaþjónustunni miðað við önnur fyrirtæki í landshlutanum. Mestur hugurinn innan landshlutans var utan Reykjanesbæjar.

Afkoma fyrirtækja á Suðurnesjum til skemmri tíma mældist nokkuð góð og fyrirtæki af svæðinu voru með hæstu hlutdeild sem mældist af viðskiptum við ferðaþjónustufyrirtæki. Þess má geta

að 20% af allri veltu fyrirtækja á landsbyggðinni var vegna ferðaþjónustu en á Suðurnesjum var hlutfallið 21%.

Veikleikar Suðurnesja voru þeir að fyrirtæki á svæðinu hafa litlar tekjur af menningu og listum og hafnaði landshlutinn í neðsta sæti í samanburði við landshluta þegar kemur að skapandi greinum.

Markmið	Sameiginleg fyrirtækjakönnun á landsvísu.
Aðgerð	Unnin sé fyrirtækjakönnun í samvinnu við önnur atvinnuþróunarfélög á landinu.
Árangur	Niðurstöður könnunarinnar voru birtar á gagnatorgi Heklunnar á árinu. Þátttaka var dræmust á Suðurnesjum.

Stafrænt gagnatorg

Verkefnastjóri: Dagný Gísladóttir og Berglind Kristinsdóttir

Markmið	Unnið verði að uppfærslu á innviðagreiningu og áfram haldið að telja fjölda ferðamanna á Reykjanesi.
Aðgerð	Bifreiðatalningar og uppfærsla innviðagreiningar
Árangur	Í stað uppfærslu á innviðagreiningu var ákveðið að setja upp stafrænt gagnatorg á heklan.is og þar voru birtar upplýsingar um fyrirtæki á Suðurnesjum og

	niðurstöður fyrirtækjakönnunar sem unnin var í samstarfi allra atvinnuþróunarfélaga á landinu. Útfærsla og framkvæmd var unnin í samstarfi við Capacent og byggir gagnatorgið á Microsoft Power BI. Verkefnið var styrkt af Vinnumarkaðsráði Suðurnesja til helminga.

Þjónustuframboð á Suðurnesjum

Upplýsingum var safnað saman með það fyrir augum að hægt sé að kortleggja þjónustuframboð á Suðurnesjum. Lokið hefur verið við fyrsta fasa en mikilvægt er að halda áfram þróun á þjónustukortinu.

Markmið	Upplýsingar um þjónustuframboð á Suðurnesjum
Aðgerð	Upplýsingum verði safnað saman á skipulagðan hátt með það fyrir augum að hægt sé að kortleggja þjónustuframboð á Suðurnesjum. Lokið hefur verið við fyrsta fasa en mikilvægt er að halda áfram þróun á þjónustukortinu.
Árangur	Gögnum af Suðurnesjum var skilað inn í Byggðabrunn v/þjónustukorts og hafa þau verið birt á upplýsingavef verkefnisins.

Starfsgreinakynning

Verkefnastjórn: Þekkingarmiðstöð Suðurnesja

Starfsgreinakynning fyrir nemendur í 8. og 10. bekkjum á Suðurnesjum var haldin 16. október 2019. Þangað komu yfir 700 nemendur að kynna sér um 100 fjölbreytt störf.
Markmið kynningarinnar er að efla starfsfræðslu og menntun grunnskólanemanda og þá er hún mikilvægur þáttur í því að auka starfsvitund og skerpa á framtíðarsýn ungs fólks Einnig tóku þátt nemendur úr FS, MSS og Samvinnu.

Samtök atvinnurekenda á Reykjanesi

Tengiliður: Björk Guðjónsdóttir

Samstarf Heklunnar og SAR er með þeim hætti að Heklan skipaði aðila í stjórn SAR. Verkefnahópurinn hefur haldið fjölda funda og mun halda þeim áfram á árinu 2019. Helstu verkefni hópsins hafa verið þróun á samstarfi fyrirtækja á Reykjanesi, tenging atvinnulífsins innávið og útávið með það að markmiði að efla atvinnu og minka atvinnuleysi á Reykjanesi.

Markmið	Að auka samvinnu meðal starfandi fyrirtækja á Suðurnesjum
Aðgerð	Reglulegir fundir með SAR
Árangur	Fundað var í sjö skipti yfir árið sem er innan markmiða.

Ímynd Reykjaness

Verkefnastjóri: Dagný Gísladóttir

REYKJANES

VIÐ HÖFUM | GÓÐA SÖGU | AÐ SEGJA

Markmið

Að kynna svæðið sem góðan kost fyrir einstaklinga og fyirrtæki með því að vinna sameiginlega markaðsáætlun fyrir svæðið undir sameiginlegu slagorði

Ímyndarverkefninu **Reykjanes - við höfum góða sögu að segja** var framhaldið og sýndi góðan árangur. Verkefnið er eitt af áhersluverkefnum Sóknaráætlun Suðurnesja og hlýtur þaðan fjármagn. Verkefnið er samstarfsverkefni Sambands Sveitarfélaga á Suðurnesjum, fyrirtækja og sveitarfélaga. HN Markaðssamskipti vann verkefnið og var tengiliður samstarfsaðila á Reykjanesi.

Áhersla var lögð á almannatengsl og að koma á framfæri jákvæðum fréttum af svæðinu. Einnig var unnið að því að koma upp gagnabanka fyrir sveitarfélög þ.e. ljósmyndir og kynningarefni.

Fulltrúar sveitarfélaganna sem hafa með kynningar- og menningarmál að gera funduðu reglulega með verkefnastjóra og HN samskiptum.Þetta samstarf nýttist vel m.a. þegar fjölmiðlar óskuðu eftir áhugaverðu efni af svæðinu eða komu í heimsókn en þá lögðu allir fram tillögur um áhugaverð verkefni sem gerði fjölmiðlaumfjöllun mun fjölbreyttari en ella hefði orðið.

Hlaðvarp

Unnið var að gerð hlaðvarps undir merkjum átaksins sem fara mun í loftið árið 2020. Tekin voru viðtöl við 20 einstaklinga sem höfðu góða sögöu að segja og var tónlistarmaðurinn Hermigervill fenginn til þess að gera ábreiðu af hinu þekkta lagi Kaldalóns, Suðurnesjamenn. Verkefnið var unnið í samstarfi við Markaðsstofu Reykjaness.

Markmið	Að kynna svæðið sem góðan kost fyrir íbúa og fyrirtæki með því að vinna eftir samræmdri markaðsáætlun undir einu slagorði.
Aðgerð	Aukinn slagkraftur verði settur í markaðssetningu Suðurnesja. Mynda- og gagnabanki verði tilbúinn til nota fyrir fyrirtæki og sveitarfélög í árslok.
Árangur	Stefnt var að því að viðhorf almennings væri 5% jákvæðara í árslok 2019. Niðurstaðan var sú að skv mælingum Capacent sem gerðar voru frá 8. nóvember til 10. desember 2019 voru 65% svarenda jákvæðir í garð Reykjaness sem er óbreytt staða frá árinu áður. Hins vegar minnkar jákvæðni til annara landshluta og teljast má gott að Reykjanesið haldi sínu. Árið var erfitt, gjaldþrot wow og 10% atvinnuleysi höfðu þar áhrif. Svarhlutfall var 50,4%. Alls voru birtar 150 jákvæðar fréttir af svæðinu á árinu. Vinnu við myndabanka lauk á árinu en í framhaldi var keypt forrit til að halda utan um myndirnar, réttindi og dreifingu og verður það innleitt árið 2020.

Ársskýrsla 2019

Haustfundur

Tengiliður: Björk Guðjónsdóttir

Að þessu sinni var efnt til örráðstefnu í samstarfi við Eignarhaldsfélag Suðurnesja. Á ráðstefnunni voru málefni frumkvöðla tekin fyrir. Yfirskrift fundarins var – **Hvar er fé að finna og hvernig sækja frumkvöðlar fé?** Örráðstefnan var haldin í október með fjölda fyrirlesara.

Menningarlandið

Tengiliður: Björk Guðjónsdóttir



Menningarlandið er haldið annað hvert ár og verður næst á árinu 2020. Menningarlandið er samstarfsvettvangur mennta- og menningarmálaráðuneytisins og sveitarfélaga.

Þjóðleikur

Tengiliður: Björk Guðjónsdóttir

Þjóðleikur er leiklistarhátíð ungs fólks sem er haldin annað hvert ár. Verkefnið er samstarfsverkefni Þjóðleikhússins, menningarráða landshluta og fleiri aðila á landsbyggðinni. Hvaða hópur ungmenna sem er getur tekið þátt í þeim landshlutum þar sem verkefnið er í boði. Einu skilyrðin eru að a.m.k. einn fullorðinn einstaklingur (yfir tvítugu) leiði hópinn, að meðlimir hópsins séu nógu margir til að setja upp leiksýningu og séu á aldrinum 13-20 ára.

Hver hópur setur upp eitt af þremur leikverkum sem hafa verið skrifuð sérstaklega fyrir Þjóðleik. Hóparnir frumsýna þegar þeim hentar í sinni heimabyggð.

Verkefnið hefur hlotið styrki frá Uppbyggingarsjóði Suðurnesja.

Mikill áhugi er meðal grunnskóla á Suðurnesjum að taka þátt í þessu verkefni.

Ársskýrsla 2019

Markaðsstofa Reykjaness

Verkefnastjóri: Þuríður Aradóttir Braun

MARKAÐSSTOFA REYKJANESS

Hlutverk Markaðsstofu Reykjaness

Markaðsstofa Reykjaness er stoðstofnun ferðaþjónustunnar á Reykjanesi. Hún er drifkraftur þróunar ferðamála á Reykjanesskaganum og fyrsti snertiflötur í málefnum greinarinnar á starfssvæðinu sem nær yfir sveitarfélögin fjögur; Grindavíkurbæ, Reykjanesbæ, Suðurnesjabæ og Sveitarfélagið Voga. Starfsmenn markaðsstofunnar búa yfir sérþekkingu og yfirsýn yfir málaflokkinn, ásamt því að hafa víðtæk tengsl innan svæðisins, við aðra landshluta og erlendis.

Meginhlutverk Markaðsstofu Reykjaness er að vekja athygli á Reykjanesinu sem áfangastaðar fyrir ferðamenn sem heimsækja Ísland.

Verkefni Markaðsstofu Reykjaness

Verkefni markaðsstofunnar eru margþætt en þau miða að því að:

- samþætta og efla markaðs- og kynningarstarf fyrir ferðamál á svæðinu
- stuðla að auknum tækifærum í greininni
- ná í möguleg viðskiptasambönd og ferðamenn inn á svæðið og lengja dvalartíma þeirra

Meðal verkefna Markaðsstofu Reykjaness er umsjón og eftirfylgni áfangastaðaáætlunar Reykjaness, útgáfa á sameiginlegu kynningarefni, bæklingum, vefsíðum, samfélagsmiðlum, skipulagning sýninga, fjölmiðlatengsl og önnur verkefni sem styðja við og efla ferðaþjónustu á svæðinu og styrkir ímynd þess. Farið verður yfir helstu áherslur og verkefni markaðsstofunnar hér á eftir.

Starfsmenn

Þuríður Halldóra Aradóttir Braun, forstöðumaður

Eyþór Jóhannes Sæmundsson, verkefnastjóri miðla

Fjármögnun markaðsstofunnar

Markaðsstofa Reykjaness er samstarfsverkefni sveitarfélaga í landshlutanum og ferðaþjónustuaðila á svæðinu, ásamt fjárstuðningi frá Atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti í gegnum Ferðamálastofu til loka árs 2020. Með stuðningi hins opinbera til reksturs markaðsstofunnar var starfsmönnum hennar gert kleift að afla frekari stuðnings til sérverkefna sem styðja við áskoranir ferðaþjónustunnar á hverjum tíma.

Fjármögnun verkefna og verkefnastyrkir

Markaðsstofa Reykjaness vinnur aðeins verkefni sem náðst hefur að tryggja fjármögnun fyrir, með því að sækja styrki eða með því að taka að sér verkefni sé þess óskað. Þannig hefur markaðsstofan komið að nokkrum verkefnum yfir árið í gegnum Sóknaráætlun Suðurnesja, Uppbyggingarsjóð Suðurnesja, Matarauð Íslands og Ferðamálastofu. Meðal verkefna sem markaðsstofan kom að á árinu eru:

- Áfangastaðaáætlun Reykjaness: fyrsta útgáfa áfangastaðaáætlunar kom út á árinu.
- Viðburðadagatal Reykjaness: Uppfærsla og utanumhald.

- Reykjanes Unesco Global Geopark: Ráðgjöf, aðstoð við úttekt frá UNESCO ofl.
- Skemmtiferðaskip á Reykjanesi: Verkefnastjórn, stefna og undirbúningur til markaðssetningar í samstarfi við Reykjaneshöfn, ferðaþjónustuaðila og sveitarfélög á svæðinu.
- Matarkista Reykjaness: Undirbúningur, mótun samstarfsgrundvallar framreiðsluaðila og framleiðenda, vöruþróun og markaðssetning á afurðum.
- Rannsóknir: Ferðahegðun gesta á Reykjanesi.
- Vestnorden 2020: Undirbúningur og umsókn um að halda Vestnorden árið 2020 á Reykjanesi.
- Safnahelgi á Suðurnesjum: Markaðssetning á viðburðinum.
- Veröld vættanna: Gerð ferðakorts um Reykjanesið og litabók fyrir fjölskyldur í samstarfi við Reykjanes Geopark og Þekkingarsetrið á Suðurnesjum.
- Aukinn sýnileiki og markaðssetning áfangastaðarins. Stefna og staðfærsla áfangastaðarins.

Nánar verður farið yfir einstök verkefni hér á eftir.

Aðildarfyrirtæki Markaðsstofu Reykjaness

Þátttaka ferðaþjónustuaðila og annarra tengdra aðila er mikilvæg til að móta kynningarefni fyrir svæðið, fyrir móttöku ferðaskrifstofa og blaðamanna og til að vinna að frekari þróun greinarinnar á svæðinu. Ferðaþjónustuaðilar á Reykjanesi og aðrir aðilar sem þjónusta ferðamenn á svæðinu eiga möguleika á að gerast aðili að markaðsstofunni. Þannig gefst þeim kostur á að auka sýnileika sinn í öllu kynningarefni frá markaðsstofunni og Reykjanes Unesco Global Geopark.

Aðilum í markaðsstofunni hefur fjölgað á hverju ári. Árið 2018 voru 83 aðilar sem tóku þátt í starfi markaðsstofunnar. Þar er um að ræða fyrirtæki og stofnanir bæði innan og utan svæðisins, sem vilja efla hag áfangastaðarins.

Áfangastaðaáætlun Reykjaness (DMP-Reykjanes)

Áfangastaðaáætlun Reykjaness var fyrst gefin út í upphafi árs 2019 og samkvæmt samningi við Ferðamálastofu er Markaðsstofu Reykjaness ætlað að vera tengiliður áætlunarinnar og fylgja henni eftir innan svæðisins. Framkvæmd verkefna er á forræði mismunandi aðila, t.d. er Reykjanes Geopark ábyrgur fyrir uppbyggingu áningarstaða í samstarfi við hagaðila. Áfangastaðaáætlunin er lifandi plagg sem uppfærist ef og þegar forsendur innan svæðisins breytast. Uppfæra þarf áætlunina t.d. með tilliti til sameiningar sveitarfélaganna Garðs og Sandgerðis. Auk þessa er mikilvægt að áætlunin vinni með og í takti við aðrar áætlanir sem gerðar hafa verið fyrir svæðið, svo sem Svæðisskipulag Suðurnesja, aðalskipulag sveitarfélaga ofl.

Helstu niðurstöður/áherslur áfangastaðaáætlunar Reykjaness eru eftirfarandi:

Uppbygging innviða

- Umhverfi og uppbygging áningarstaða: Reykjanes Geopark fer fyrir uppbyggingu áningarstaða og forgangsröðun þeirra í samstarfi við sveitarfélög, landeigendur og aðra hagaðila.
- Mannauður, fræðsla og þekking: Mikilvægt er að byggja upp gæði þjónustu sem veitt er á svæðinu til að bæta upplifun gesta. Til þess þarf m.a. að bæta fræðslu og byggja upp

þekkingu starfsmanna og fyrirtækja á svæðinu á öllum stigum þjónustu við gesti svæðisins. Vinna þarf þessi verkefni með fræðsluaðilum, Heklunni - atvinnuþróunarfélagi Suðurnesja, Reykjanes Geopark og fleirum.

Haldnir voru fræðslufundir og námskeið á árinu sem nánar er farið yfir í kafla um viðburði hér á eftir.

- Áræðanleg gögn og rannsóknir: Áræðanleg gögn og rannsóknir á ferðaþjónustu á svæðinu er mikilvægur grunnur til að byggja undir jákvæða þróun ferðaþjónustu á svæðinu til framtíðar. Gögn sem nú þegar eru til, gefa takmarkaða mynd af stöðu svæðisins og erfitt er að greina þróun milli ára. Vinna þarf að verkefnum sem bæta upplýsinga- og gagnaöflun fyrir svæðið.

Markaðsstofa Reykjaness heldur utan um útgefnar tölur sem snerta ferðaþjónustu í landshlutanum og uppfærir reglulega lista yfir þjónustuaðila á svæðinu. Gerður var samningur við RRF sumarið 2019 um gagnaöflun í tengslum við ferðahegðun gesta á svæðinu og verða gefnar úr á árinu 2020.

- Verðmætasköpun og vöruþróun: Mikilvægur hlekkur í efnahagslegum ábata af ferðaþjónustunni er frekari vöruþróun og verðmætasköpun innan greinarinnar. Stuðla þarf að þessari þróun í samstarfi við stoðkerfið á svæðinu.

Meðal verkefna sem farið var í á árinu og verður betur gert skil í köflunum hér á eftir var; Ratsjáin, vinnustofur í tengslum við skemmtiferðaskip, námskeið í samfélagsmiðlum ofl.

- Upplýsingar og öryggi: Mikilvægt er að efla sýnileika á svæðinu, bæta upplýsingar og tryggja öryggi gesta og verndun náttúru svæðisins. Unnið verður að þessu í samstarfi við Reykjanes Geopark og sveitarfélög á svæðinu.
- Samgöngumál: Tryggja þarf jákvæða upplifun gesta og íbúa á ferð um svæðið og að þeir geti með öruggum hætti ferðast innan svæðisins.

Markaðsmál

- Markaðsgreining og staðfærsla: Unnin var markaðsgreining fyrir Reykjanesið sem áfangastað. Markhópar voru skilgreindir og gróf áætlun sett fram fyrir næstu 3 ár.
- Skilaboð og hönnun áfangastaðar: Í framhaldi af markaðsgreiningunni og staðfærslunni sem sett er fram í áfangastaðaáætluninni, verður unnið að framsetningu myndefnis og mótun skilaboða í markaðsefni áfangastaðarins.
- Markaðsáætlun: Gera þarf markaðsáætlun fyrir áfangastaðinn Reykjanes og var unnið að henni á árinu. Lögð var áhersla á að efla samvinnu og kynningu innan svæðisins og markaðssetningu áfangastaðarins innanlands.

Kynningarmál

Markaðssetning áfangastaðarins Reykjaness er eitt af meginverkefnum markaðsstofunnar og snýr að mismunandi markhópum og þar af leiðandi þörf að leita leiða í gegnum mismunandi miðla til að ná settum markmiðum.

Fyrir árið 2019 var lögð áhersla á að byggja upp kynningarefni fyrir svæðið og tryggja samstarf ferðaþjónustuaðila á svæðinu. Byggður var upp nýr myndabanki fyrir áfangastaðinn í samstarfi við Hekluna og Reykjanes Geopark sem verður frumsýndur í upphafi árs 2020.

Unnið er út frá niðurstöðum markaðsgreiningar fyrir áfangastaðinn Reykaness og staðfærslu Reykjaness: ***Reykjanesið er lífæð landsins þar sem ægifegurð fylgir þér hvert fótmál!***



Mynd: Snertifletir í markaðssetningu áfangastaðarins.

Samfélagsmiðlar

Vefsíður

Markaðsstofa Reykjaness rekur og vinnur með nokkrar vefsíður og lén sem eru skilgreint betur hér að neðan.

- Visitreykjanes.is: Upplýsingasíðan visitreykjanes.is er megin upplýsinga- og þjónustusíða ferðaþjónustunnar á Reykjanesi. Síðan er á ensku og íslensku. Vefurinn er tengdur gagnagrunni Ferðamálastofu og vinnur markaðsstofan jafnt og þétt að uppfærslu á svæðisvísu. Unnið verður að uppfærslu á síðunni í samstarfi við markaðsstofur landshlutanna, þar sem ráðist verður í mikilvægar breytingar og uppfærslur til að gera vefinn enn notendavænni. Inn á vefnum hafa verið settar upp sérstakar sveitarfélagasíður sem taka saman þjónustu og umhverfi eftir póstnúmerum. Um 134 þúsund notendur nýttu sér vefinn á árinu sem er fækkun um 13% frá árinu 2018.
- Markadsstofareykjaness.is: Síðan vísar á innri vef Markaðsstofu Reykjaness með það að markmiði að bæta aðgengi ferðaþjónustuaðila að upplýsingum og verkefnum sem eru í gangi hverju sinni. Inn á vefsvæðið eru settar inn fréttir sem tengjast verkefnum markaðsstofunnar og framvindu þeirra og upplýsingum um starfsemi stofunnar. Þá eru þar settar inn fréttir og viðburðir sem snerta samstarfsaðila og ferðaþjónustu á svæðinu.
- Viðburðadagatal: Markaðsstofan heldur úti sameiginlegu viðburðardagatali fyrir Suðurnesin sem er aðgengilegt bæði á ensku og íslensku. Verkefnið er stutt af Sóknaráætlun Suðurnesja.

Bæklingar og útgáfa

Landshlutabæklingur Reykjaness var útgefinn í maí. Bæklingurinn var prentaður í 20.000 eintökum og var honum dreift á allar helstu upplýsingamiðstöðvar um landið yfir sumartímann en áhersla var lögð á að dreifa bæklingnum á öll helstu hótel og bókunar- og

upplýsingamiðstöðvar á Suð-Vesturhluta landsins allt árið. Dreifing á bæklingum er unnin af starfsmönnum markaðsstofunnar og Bæklingadreifingu.

Þá var einnig gefið út borðkort af svæðinu með uppdráttum af öllum þéttbýliskjörnum á skaganum og því dreift á ferðaþjónustuaðila á svæðinu.

Allar prentaðar útgáfur markaðsstofunnar er hægt að nálgast í Upplýsingamiðstöð Reykjaness í Duushúsum en þær eru einnig aðgengilegar á vefnum visitreykjanes.is og í gegnum issuu.com.

Fjölmiðlar

Markaðsstofa Reykjaness vinnur markvisst að því að efla fjölmiðlatengsl og jákvæðra kynningu á Reykjanesi í landshlutablöðum, erlendum og innlendum tímaritum, dagblöðum á landsvísu, útvarpi o.fl. eins og unnið hefur verið að á síðastliðnu ári.

Markaðsstofan metur fyrirspurnir sem berast skrifstofunni frá blaðamönnum, lífstílsbloggurum og samfélagsmiðlafólki, aðstoðar við heimsókn þeirra og skipuleggur ferðir hvort sem það er á eigin vegum eða í samstarfi við Íslandsstofu og Markaðsstofur landshlutanna. Nokkarar stórar blaðamannaferðir voru skipulagðar á árinu og vinnur markaðsstofan að því að halda utan um efnið sem gefið er út.

Þónokkur erindi bárust markaðsstofunni frá fjölmiðlum um aðstoð við efnisöflun, blaðamannaferðir ofl. frá Norðurlöndunum, Þýskalandi, Spáni, Bretlandi, Rússlandi, Bandaríkjunum, Kanada og Frakklandi.

Settur var upp fjölmiðlapakki á vefnum með myndum og myndböndum sem fjölmiðlar og ferðaskrifstofur hafa aðgang að til að nýta við að kynna svæðið.

Samkvæmt samantekt um erlendar umfjöllun á veraldarvefnum var minnst á Reykjanesið í 273 tilfellum yfir árið í boggfærslum og fréttum sem samsvarar andvirði 1.098.109 USD í auglýsingakostnað og náði til um 584 millj. lesenda um allan heim. Þær voru flestar frá Bandaríkjunum, Kanada, Noregi, Þýskalandi og Bretlandi.

Fréttabréf

Markaðsstofan gefur reglulega út fréttabréf og sendir frá sér fréttaskot yfir árið í gegnum forritið mailchimp. Haldið verður áfram að senda það út reglulega og þegar tilefni er til. Þá leggur markaðsstofan til efni frá svæðinu til Íslandsstofu sem sendir reglulega út fréttabréf á sína tengiliði.

Viðburðir

Markaðsstofa Reykjaness stóð fyrir nokkrum viðburðum í samstarfi við markaðsstofur landshlutanna, Reykjanes Geopark og fl.

- Mannamót Markaðsstofa landshluanna í janúar. Mikilvægur vettvangur ferðaþjónustuaðila af landsbyggðinni til að kynna sína starfsemi fyrir starfsmönnum annarra ferðaþjónustuaðila, ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjenda. Viðburðurinn er samstarfsverkefni Markaðsstofa landshlutanna.
- Íbúafundir voru haldnir í öllum sveitarfélögum í febrúar í samstarfi við sveitarfélögin.
- Vetrarfundur ferðaþjónustunnar á Reykjanesi var haldinn í mars. Árlegur fundur um málefni ferðaþjónustunnar í samstarfi við Reykjanes Unesco Global Geopark.

- Kynnisferð var farin fyrir starfsmenn ferðaþjónustuaðila á Reykjanesi í Geoparkviku í júní.
- Námskeið í notkun samfélagsmiðla í samstarfi við Sahara.
- Vinnustofa um vöruþróun og mótttöku skemmtiferðaskipa á Reykjanesi.
- Ratsjáin á Reykjanesi í samstarfi við Íslenska ferðaklasann og Nýsköpunarmiðstöð.

Kynningarfundir innan svæðis og heimsóknir til ferðaþjónustuaðila

Starfsmenn markaðsstofunnar í samstarfi við starfsmenn Reykjanes Geopark leggja sig fram við að heimsækja fyrirtæki á svæðinu yfir árið og eru fyrirtæki hvött til að láta vita af sér og þeim verkefnum sem þau vinna að. Yfir árið voru reglulega haldnir hádegis- og/eða morgunverðarfundir í samstarfi við Hekluna og Reykjanes Geopark. Fundunum og námskeiðum er betur gert skil í fundarkaflanum um Hekluna en markmið þeirra var að fræða og efla þekkingu fyrirtækja á málefnum líðandi stundar.

FAM, Inspectionferðir og pre-/post-ferðir

Til að kynna svæðið fyrir innlendum og erlendum ferðasöluaðilum, blaðamönnum og fleiri, voru settar upp nokkrar FAM ferðir í samstarfi við ferðaþjónustuaðila á svæðinu.

- Á árinu 2019 voru skipulagðar ferðir fyrir starfsmenn nokkrurra íslenskra ferðaskrifstofa auk ferðar í tengslum við ferðakaupstefnuna Mid-Atlantic í febrúar.
- Skipulagðar voru nokkarar blaðamannaferðir um svæðið. Ferðirnar voru m.a. unnar í samstarfi við Icelandair, Íslandsstofu, fjölmiðlafyrirtæki á vegum Íslandsstofu auk nokkurra ferða sem voru skipulagðar fyrir sjálfstæða blaðamenn/bloggara.
- Markaðsstofan aðstoðaði jafnframt fyrirtæki og ferðaskrifstofur að skipuleggja skoðunarferðir um Reykjanesið fyrir sína starfsmenn og í tengslum við ráðstefnur og viðburði sem haldnir voru á Reykjanesi og í Reykjavík.
- Þá stóð Markaðsstofa Reykjaness og Reykjanes Geopark fyrir náms- og kynnisferð um Reykjanesið fyrir starfsmenn upplýsingamiðstöðva og ferðaþjónustufyrirtækja á svæðinu í byrjun júní.
- Reykjanes Geopark fékk úttektaraðila frá UNESCO á árinu og tóku starfsmenn MR virkan þátt í þeirri ferð og úttektinni enda um mikilvæga viðurkenningu um að ræða fyrir svæðið og frekari markaðssetningu áfangastaðarins.

Ferðasýningar, ráðstefnur og vinnustofur

Markaðsstofan tók þátt í nokkrum ferðasýningum og vinnustofum á liðnu ári. Sýningarnar og vinnustofurnar sem Markaðsstofa Reykjaness tekur þátt í miðast við til hvaða markhópa svæðið vill ná hverju sinni. Alls tóku 14 fyrirtæki af Suðurnesjum þátt í Mannamóti 2019.

Sýningar og vinnustofur sem markaðsstofan tók þátt í á árinu voru:

- Mannamót Markaðsstofa landshlutanna í janúar

- Icelandair Mid-Atlantic í Reykjavík í janúar/febrúar
- Vestnorden í Færeyjum í september

Ráðgjöf

Eitt af hlutverkum markaðsstofunnar er að vera ráðgefandi fyrir fyrirtæki og einstaklinga á svæðinu. Starfsmenn markaðsstofunnar vinna að ráðgjöf og stuðningi við ferðaþjónustuaðila, aðildarfélaga markaðsstofunnar og fyrir Hekluna, Atvinnuþróunarfélag Suðurnesja. Þónokkrir aðilar nýttu sér þessa þjónustu yfir allt árið, hvort sem um var að ræða stofnun nýs fyrirtækis í ferðaþjónustu, markaðsaðstoð eða vöruþróun.

Samskipti við stjórnvöld og aðra samstarfsaðila á landsvísu

Samstarf og samskipti við samstarfaðila utan svæðisins eru mikilvæg til að viðhalda traustum samskiptum og tengslum fyrir ferðaþjónustu á svæðinu.

- **Markaðsstofur landshlutanna** (MAS). MAS eru með mánaðarlega fundi til að efla og styðja við frekari þróun ferðaþjónustu á landsbyggðinni.
- **Ferðamálastofa.** Reglulega er fundað með fulltrúum Ferðamálastofu til að fara yfir verkefni svæðisbundinnar þróunar og framgang verkefna áfangastaðaáætlunar.
- **Stjórnstöð ferðamála.** Markaðsstofa Reykjaness vinnur náið með Stjórnstöð ferðamála, bæði með þátttöku í verkefnum á þeirra vegum og til ráðgjafar í tengslum við landshlutann.
- **Íslandsstofa.** Íslandsstofa og Markaðsstofur landshlutanna hafa undirritað samstarfsyfirlýsingu sem miðar að öflugu samstarfi stofnananna í markaðssetningu á landshlutunum erlendis. Markaðsstofan á í reglulegum samskiptum við starfsmenn Íslandsstofu vegna markaðsverkefna sem tengjast landshlutanum. M.a. áherslur landshlutans, fréttir og kynningar frá aðilum/svæðinu fyrir erlendan markað, blaðamannaferðir, sýningar og vinnustofur erlendis.
- **Íslenski ferðaklasinn.** Markaðsstofa Reykjaness er með samstarfssamning við Íslenska ferðaklasann og er því virkur þátttakandi í verkefnum á hans vegum. Meðal verkefna sem markaðsstofan tekur þátt í er Ábyrg ferðaþjónusta, sérstaða svæða, fjárfestingar í ferðaþjónustu ofl. Hægt er að nálgast allar upplýsingar um verkefnin á vef Íslenska ferðaklasans www.icelandtourism.is. Ratsjáin á Reykjanesi fór af stað í lok árs 2019 í samstarfi við Markaðsstofu Reykjaness og er áætlað að henni ljúki í febrúar/mars 2020.
- **Samtök ferðaþjónustunnar.** Markaðsstofan á í reglulegum samskiptum við Samtök ferðaþjónustunnar um málefni landshlutans og hagsmuni ferðaþjónustuaðila.
- **Samstarfs- og vinnuhópar.** Þuríður situr í ráðgjafanefnd Íslands/Byggðastofnunar vegna NPA styrkja (NORTHERN PERIPHERY AND ARCTIC PROGRAMME 2014-2020) fyrir hönd Heklunnar. Einnig situr hún í samstarfshópi á vegum Landsáætlunar um aukna fagþekkingu, bætta hönnun og samræmingu merkinga á ferðamannastöðum fyrir hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Markaðssetning hafna á Suðurnesjum fyrir smærri skemmtiferðaskip

Eitt af áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Suðurnesja fyrir árið 2019-2020 er verkefnið Markaðssetning hafna á Suðurnesjum fyrir smærri skemmtiferðaskip. Verkefnið fellur undir áherslur áfangastaðaáætlunar Reykjaness um vöruþróun og markaðssetningu áfangastaðarins. Reykjaneshafnir hafa skilgreint Keflavíkurhöfn sem höfn fyrir smærri skemmtiferðaskip eða allt

að 300 farþega skip. Hlutverk Markaðsstofu Reykjaness er að skapa umhverfi og markaðsefni fyrir áfangastaðinn og stuðla að vöruþróun fyrir þennan markhóp.

Markmið	Markaðssetning hafna á Suðurnesjum fyrir smærri skemmtiferðaskp
Aðgerð	Að fá 1-3 smærri skemmtiferðaskip til að leggjast að höfnum á Suðurnesjum ásamt því að tilbúinn sé sölupakki með kynningarefni í árslok.
Árangur	Unnin var hagilagreining og upplýsingum safnað um markaðinn, skemmtiferðaskip og markhóp þeirra. Unnin var tímalína fyrir verkefnið og upplýsingar og fræðsla veitt ferðaþjónustuaðilum og tengdum aðilum.

Ársskýrsla 2019

Reykjanes Geopark

Verkefnastjóri: Daníel Einarsson

UNESCO, Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna viðurkenndi Reykjanes sem UNESCO Global Geopark árið 2015. UNESCO Global Geoparks eru svæði þar sem minjum og landslagi sem eru jarðfræðilega mikilvægar á heimsvísu er stýrt eftir heildrænni stefnu um verndun, fræðslu og sjálfbæra þróun.

Í UNESCO Global Geopark eru jarðminjar nýttar ásamt öðrum náttúru- og menningarminjum svæðisins til að vekja athygli og skilning á þeim brýnu úrlausnarefnum sem blasa við samfélagi okkar: Sjálfbærri nýtingu auðlinda, samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda og hvernig draga má úr áhrifum náttúruhamfara.

Að baki RGP standa sveitarfélögin fjögur á Suðurnesjum auk sex annarra hagsmunaðila. RGP hefur nokkur megin markmið:

- Auka vitund um svæðið, s.s. jarðfræði, menningu, sögu o.s.frv.
- Kynna ferðaþjónustu, fræðslu og rannsóknir
- Vinna að uppbyggingu og þróun innviða
- Þróa nýjar söluvörur

Aðild að EGN/GGN

Reykjanes Geopark hefur sinnt samstarfi á vettvangi EGN og UGG. Þannig sótti Daníel Einarsson og Þuríður H. Aradóttir Braun vorfund EGN Coordinator Committee í Swabian Alb UNESCO Global Geopark í Þýskalandi og dagana 27. og 28. mars 2019 og haustfund EGN Coordination Committee í Sierra Norte de Sevilla UNESCO Global Geopark á Spáni 24. september 2019. Haustfundinum fylgdi jafnframt ráðstefna með virkri þátttöku fjölda fulltrúa Reykjanes Geopark. Reykjanes Geopark hefur reglulega skilað inn gögnum og áfangaskýrslum til samtakanna ásamt fréttum í fréttabréf þeirra og grein í EGN Magazine. Reykjanes Geopark tekur þátt í starfi hópa innan EGN og vinnur m.a. hópur sem í eru eldfjallageoparkar í Evrópu að útgáfu bókar. Úttekt vegna endurnýjunar aðildar að UNESCO Global Geopark fór fram sumarið 2019, í aðdraganda úttektar skilaði Reykjanes Geopark af sér sérstakri skýrslu sem var hluti af heildar ferlinu. Tveir úttektaraðilar frá GGN og UNESCO framkvæmdu úttekt í lok júlí, Ilias Valiakos frá Grikklandi og Noritaka Matsubara frá Japan. Úttektin tókst með eindæmum vel til og vert að þakka öllum sem að henni komu fyrir góðar móttökur og góða vinnu. Niðurstaða endurnýjun aðildar liggur fyrir og fékk Reykjanes Geopark svokallað grænt kort, sem er besta mögulega einkunn. Þá er það til marks um það að jarðvangurinn heldur aðild að UNESCO Global Geopark næstu fjögur árin.

Innlend samstarfsverkefni

Útivist í Reykjanes UNESCO Global Geopark var samstarfsverkefni Reykjanes Geopark, Bláa Lónsins og HS Orku hf sumarið 2019. Markmið verkefnisins var að kynna íbúum og gestum fyrir einstöku umhverfi í gegnum útivist, fróðleik og skemmtun. Boðið var uppá átta viðburði sumarið 2019, þ.e. Hraunahringurinn með Wapp og Vesen og vergangi, fugla- og fjöruferð með Þekkingarsetrinu, hjólaferð með 3N, jónsmessuganga Grindavíkur og Bláa lónsins, gönguferð með Minja- og sögufélagi Vatnsleysustrandar, gönguferð með jarðfræðingi HS Orku, gönguferð

með minjaverði Reykjaness um Húshólma og söguslóðir Sigvalda Kaldalóns með Söngvaskáldum á Suðurnesjum.

Reykjanes Geopark hefur unnið að því að útbúa sérstakt skilti um skjaldamerkin á Reykjanesvita. Þá hefur jarðvangurinn einnig tekið þátt í þróun annara skilta fyrir skógræktarfélög á svæðinu.

Reykjanes Geopark tók þátt í starfsgreinakynningu á Suðurnesjum ásamt Markaðsstofu Reykjaness og mun koma til með að gera það framvegis.

Þá hefur Reykjanes Geopark verið í samstarfi við Bláa herinn og stefnir að frekara samstarfi á vettvangi hreinsunar á svæðinu og að finna lausnir á sorphirðu á ferðamannastöðum.

Reykjanes Geopark er þátttakandi í hvatningarverkefni um ábyrga ferðaþjónustu. Ábyrg ferðaþjónusta er hvatningarverkefni um að íslensk ferðaþjónustufyrirtæki sammælist um nokkrar skýrar og einfaldar aðgerðir um ábyrga ferðaþjónustu. Tilgangur verkefnisins er að stuðla að því að Ísland verði ákjósanlegur áfangastaður ferðamanna um ókomna tíð sem styður við sjálfbærni fyrir komandi kynslóðir þjóðarinnar.

Alþjóðleg samstarfsverkefni

Reykjanes Geopark tekur þátt í alþjóðlegum samstarfsverkefnum eins og kostur er á hverju sinni. Hvert verkefni sem upp kemur er metið út frá hagsmunum svæðisins og geoparksins.

Alþjóðlegt net geoparka er stórt og tækifærin til samstarfs víða og á mörgum sviðum. Nokkuð hefur verið um að erlendir samstarfsaðilar heimsæki Reykjanes Geopark, m.a. leituðu forsvarsmenn jarðvangs í Tékklandi til Reykjanes Geopark um samstarf og komu hingað í kynnisferð sumarið 2019.

Tvær listakonur frá Kanada leituðu til Reykjanes Geopark vegna innsetningar tvenns konar listaverka á Reykjanesi. Þá var leitað eftir samstarfi Reykjanesbæjar vegna þessa verkefnis og vel tókst til.

Samstarf geoparka á Íslandi

Verkefnastjóri á sæti í stjórn Samráðsvettvangs íslenskra jarðvanga. Auk geoparkanna tveggja stendur fulltrúum tengdra stofnana og félagasamtaka til boða að sitja á samráðsfundunum. Gert er ráð fyrir því að samráðsvettvangurinn skili reglulega skýrslum til EGN/UGG. Mikilvægt er að auka skilning innan íslensku stjórnsýslunnar á hlutverki geoparka og hefur stjórn Reykjanes Geopark lýst því yfir að geoparkinn eigi að taka frumkvæði í því máli.

Reykjanes Geopark og Katla Geopark hafa á tímabilinu verið í töluverðum samskiptum um málefni jarðvanga á Íslandi, ferðast saman á fundi EGN og stefna að frekari samstarfi á komandi árum.

Útgáfa og söluvörur

Reykjanes Geopark og Markaðsstofa Reykjaness gáfu út sameiginlegt rit í aðdraganda íbúafunda 2019. Einnig er Reykjanes Geopark stór partur af opinberum leiðarvísi sem Markaðsstofa Reykjaness gefur út árlega. Jarðvangurinn hefur dreift áður framleiddu kynningarefni um svæðið og ýmist við önnur tilefni s.s. við erindi, heimsóknir o.fl.

Leiðsögn um gönguleiðir er jafnframt aðgengileg í smáforritunu Wapp. Þar er að finna fjölmargar gönguleiðir, m.a. þrjár leiðir í boði Reykjanes Geopark. Tvær leiðanna eru á Reykjanesi en sú þriðja liggur um Hópsnes. Verkefnastjóri hefur leitað eftir áframhaldandi samstarfi við Wapp.

Líkt og undanfarin ár hefur Reykjanes Geopark selt viðurkenningarskjöl til þeirra sem ganga yfir Brú milli heimsálfa í gegnum upplýsingamiðstöðvar á svæðinu. Með aukinni snjallsímavæðingu hefur dregið úr sölu skírteinanna.

Samskipti við stjórnvöld

Reykjanes Geopark er árið 2018 eina íslenska svæðið á listum UNESCO sem ekki er á fjárlögum. Fulltrúar geoparksins hafa verið í reglulegu sambandi við þingmenn kjördæmisins og Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Þannig var fundað með ráðuneytisstjóra og ráðherra í janúar 2019. Lítið hefur komið út úr þessu samtali og ljóst að taka þurfi upp þráðinn á ný. Þá hefur verkefnastjóri verið í góðu sambandi við starfsfólk umhverfis og auðlinda vegna málefna Geopark.

Geopark fyrirtæki

Stjórn hefur samþykkt samningsform með það í huga að fyrirtæki fái leyfi til þess að nota merki Reykjanes Geopark í markaðssetningu. Nokkur fyrirtæki á Reykjanesi hafa þegar skrifað undir slíkan samning og má sjá merki Reykjanes Geopark, m.a. á veitingastöðum, gististöðum og hjá afþreyingarfyrirtækjum.

Samningurinn byggir á byggir á leiðbeiningum fyrir notkun merkis EGN auk þess sem reglurnar hafa verið sniðnar að aðstæðum á Reykjanesi. Þar er kveðið á um þau skilyrði sem fyrirtæki þurfa að uppfylla til þess að nota vörumerkið. Unnið hefur verið að því að skilgreina þetta verkefni enn frekar og að fjölga slíkum fyrirtækjum. Þá er stefnt að því að halda verkefninu og styrkja það enn frekar.

Markmið	Fjölga Geopark fyrirtækjum á Reykjanesi
Aðgerð	Farið verði í markaðsátak í samstarfi við MR
Árangur	Hjá Höllu var fyrsta fyrirtækið í Reykjanes UNESCO Global Geopark og skrifaði undir samning þess efnis 7. Júlí 2019.

Merkingar og aðgengismál

Reykjanes Geopark er ætlað að byggja upp áningarstaði til afþreyingar og fræðslu innan marka hans, auk þess að hafa samræmingarhlutverki að gegna varðandi merkingar og aðgengi. Lögð hefur verið áhersla á uppbyggingu yst á Reykjanesi, þ.e. við Brimketil, Valahnúk, Reykjanesvita, Gunnuhver og Brú milli heimsálfa. Einnig hefur verið unnið að skipulagi við Garðsskagavita og hugað að framtíðarskipulagi fyrir Hvalsneskirkju.

Veturinn 2016-2017 var unnið deiliskipulag fyrir Gunnuhver. Skipulagið gerir ráð fyrir nýju bílastæði, gönguleiðum og stækkun útsýnispalla. Ráðist var í framkvæmdir á grundvelli

skipulagsins vorið 2018 en miklar tafir hafa orðið á verkinu, m.a. vegna veðurs og efnisskorts. Framkvæmdum miðar vel en lokafrágangur er eftir ásamt fullvinnslu á öðru bílastæðinu. Framkvæmdum er ætlað að ljúka snemma á næsta ári. Framkvæmdirnar eru styrktar af Framkvæmdasjóði ferðamannastaða, Landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum, Bláa Lóninu og HS Orku.

Svæðið umhverfis Brimketil fór illa í veðurofsa í febrúar 2019. Þá var ráðist í viðgerðir á stígum og bílastæði, ásamt því að farið var í eftirlitsferð með hönnuðum og verkfræðingum sem unnu verkið á sínum tíma til að ganga úr skugga um að útsýnispallurinn væri heill. Útsýnispallurinn skemmdist ekki í þessum veðurofsa en talið er brýnt að farið sé í eftirlitsferð a.m.k. einu sinni á ári. Í mars 2019 varð slys á útsýnispallinum við Brimketil þar sem ferðamaður féll um hæðarmismun og beinbrotnaði illa við fallið. Nauðsynlegt er að bregðast við þessu óhappi og gera ráðstafanir svo að slíkt gerist ekki aftur. Í kjölfarið voru farnar tvær skoðunarferðir á svæðið þar sem óformleg öryggisúttekt fór fram. Þá hefur Landmótun og Efla unnið að tillögu um breytingar m.t.t. betra öryggis og stefnt er því að sækja um í Framkvæmdarsjóð ferðamannastaða fyrir þessum breytingum.

Hollvinasamtök Reykjanesvita, Bláa lónið og Reykjanesbær hafa unnið að því að koma upp salernisaðstöðu við Reykjanesvita, lögð var vatnslögn að svæðinu í sumar og salerni tengd. Stjórn tekur fram að þarna er um að ræða mikið og gott skref í áframhaldandi uppbyggingu við Reykjanesvita.

Stjórnin hefur ítrekað fjallað um mikilvægi þess að koma upp þjónustumiðstöð við Reykjanesvita. Nú er það svo að Bláa lónið hefur stofnað sérstakt félag utan um uppbyggingu þjónustumiðstöðvar við Reykjanesvita. Þá var samstarfsyfirlýsing Reykjanes Geopark og Bláa lónsins undirrituð þess efnis í apríl 2019, þar er einnig kveðið á um frekari aðstoð Bláa lónsins varðandi skiltamál o.fl. Einnig hefur Gréta Súsanna Fjeldsted séð um eftirlit með helstu áningarstöðum svæðisins og verið í stöðugu sambandi við verkefnastjóra varðandi svæðið. Stjórn væntir árangurríks samstarfs við Bláa lónið varðandi frekari uppbyggingu á svæðinu.

Stjórnin hefur fjallað um mikilvægi heilsárslandvörslu á Reykjanesi og hefur verkefnastjóri átt fundi með ráðherra, m.a. vegna þess. Landverðir Umhverfisstofnunar sinntu landvörslu í Reykjanes Geopark utan friðlýstra svæða árið 2019 og er það hluti af verkefnaáætlun landsáætlunar um uppbyggingu innviða. Verkefnastjóri fundaði reglulega með sérfræðingi umhverfisstofnunar og landvörðum á árinu.

Árið 2016 voru settir upp umferðarteljarar á tveimur stöðum innan Reykjanes Geopark, þ.e. við Garðskagavita og Reykjanesvitaveg. Á árinu 2017 var fimm teljurum bætt við, þ.e. við Brimketil, Brú milli heimsálfa, Gunnuhver að austanverðu, Keili og Ósabotnaveg. Stjórn hafa reglulega verið kynntar niðurstöður mælinga.

Sótt var um styrki til framkvæmdasjóðs ferðamannastaða vegna eftirtalinna verkefna: Aukið öryggi við Brimketil. Verkefni hlaut styrk.

Á landsáætlun um uppbyggingu innviða er að finna tvö verkefni á Reykjanesi fyrir næstu þrjú ár. Hannaðir hafa verið göngustígar og bílastæði við Eldvörp og veittar voru samtals 4 m.kr. til hönnunar og framkvæmda. Breyttar forsendur fyrir verkefninu voru kynntar verkefnastjórn Landsáætlunar og óskað eftir meira fjármagni til verksins. Verkefnastjóri og Grindavíkurbær vinna verkefnið áfram. Þá var 41 m.kr. veitt í uppbyggingu og viðhald við Brú milli Heimsálfa, þar hefur verkefnastjóri og Reykjanesbær hafið samtal um að hrinda verkefninu af stað.

Ársskýrsla 2019

Geoparkvika 27. maí -8. júní 2017

Reykjanes Geopark stóð í sjöunda sinn fyrir geoparkviku 27. maí - 8. júní 2019. Sambærilegar vikur eru haldnar í öllum evrópskum jarðvöngum um þetta leyti. Markmið vikunnar er að bjóða upp á áhugaverða viðburði sem endurspegla náttúru og mannlíf á Reykjanesskaga og kynna geoparkinn fyrir íbúum svæðisins.

Í Geoparkvikunni 2019 var m.a. boðið upp strandhreinsun á degi hafsins

Fyrirtæki og einstaklingar voru hvött til þess að standa fyrir viðburðum og uppákomum þessa vikuna. Reykjanes Geopark tæki að sér kynningu á þeim sem það vildu. Meðal þess sem boðið var uppá var opinn fundur um nýlegar rannsóknir á Reykjanesi með áherslu á jarðvá og vöktun á Reykjanesi, fundurinn var í tilefni Eldfjalladegi evrópskra jarðvanga. Gönguferð með Wapp ásamt Veseni og Vergangi þar sem Hraunahringurinn var genginn með um 60 manns. Náms- og kynnisferð fyrir starfsfólk í ferðaþjónustu. Bókasöfnin á svæðinu kynntu sérstaklega bækur sem fjalla um sögu, mannlíf, náttúrufar og útivist í Reykjanes Geopark og Þekkingarsetur Suðurnesja bauð upp á Fugla og fjöruferð ásamt því að bjóða upp á fjölskyldu ratleik. Loks var strandhreinsun í Krossvík með Bláa hernum.

Að mati stjórnar er mikilvægt að aðilar að verkefninu séu vakandi fyrir því að nýta vikuna í kynningum á viðburðum sem fara fram á þeim tíma. Þá var töluvert lagt í auglýsingar tengdar vikunni t.a.m. var auglýsing birt í Víkurfréttum og einnig var keypt umfjöllun á facebook.

Gestastofur Reykjanes Geopark

Gestastofa Reykjanes Geopark er rekin í Duushúsum í Reykjanesbæ. Settar hafa verið upp svokallaðar „kaldar gestastofur“, þ.e. mannlausir upplýsingastandar í Grindavík og Vogum. Fleiri slíkar einingar voru settar upp á fleiri stöðum á svæðinu, enn á eftir að fullmóta þessa upplýsingastanda og verður verkefni vetrarins 2020.

Markmið gestastofanna skal vera í samræmi við markmið EGN um sjálfbærni, þ.e. að draga úr efnahagslegum leka út af svæðinu, og verður því lögð áhersla á sölu á vöru og þjónustu sem innan geoparksins í gestastofunum.

Aukinn sýnileiki

Líkt og undanfarin ár hefur verið lögð áhersla á að auka sýnileika Reykjanes Geopark innan hans. Reykjanes Geopark hefur unnið með Markaðsstofu Reykjaness að útgáfu kynningarefnis fyrir svæðið í heild, m.a. handbók sem komið hefur út árlega undanfarin ár. Þá er Reykjanes Geopark áberandi á heimasíðu Markaðsstofunnar, visitreykjanes.is og eru geositestaðir merktir sérstaklega þar inn.

Síða Reykjanes Geopark á Facebook er mjög virk þar sem komið er á framfæri upplýsingum og fróðleik um svæðið. Reykjanes Geopark hefur náð ágætum árangri á samfélagsmiðlum með aukinni þekkingu á því sviði innan Markaðsstofu Reykjaness.

Fánar með merki Reykjanes UNESCO Global Geopark hafa verið aðgengilegir samstarfsaðilum undanfarin ár. Sérstaklega var hvatt til þess að þeim væri flaggað við gestastofur Reykjanes Geopark. Starfsfólk Reykjanes Geopark hefur fengið merktan fatnað frá 66°Norður með það að markmiði að auka sýnileika innan svæðisins auk þess sem starfsfólki Gestastofa Reykjanes Geopark stendur til boða að klæðast slíkum fatnaði. Starfsfólk í Reykjanesbæ og Grindavík hefur því verið merkt Reykjanes Geopark í sumar, og hafa önnur sveitarfélög verið hvött til að gera slíkt hið sama. Þá var gert átak í merkingum Geopark á heimasíðum sveitarfélaganna og fánum flaggað við innkomu í sveitarfélögin.

Þá tók Reykjanes Geopark ásamt Markaðsstofu Reykjaness þátt í Mannamótum 2019 og MidAtlantic 2019 kaupstefnunum.

Nýir talsmenn Reykjanes Geopark

Reykjanes Geopark hefur í samvinnu við Markaðsstofu Reykjaness og Þekkingarsetur Suðurnesja unnið að þróun talsmanna fyrir Reykjanes. Margrét Tryggvadóttir rithöfundur var fengin til þess að útbúa persónulýsingar fyrir fjórar persónur ásamt því að semja drög að handriti að baksögu. Silvia Pérez og Guðmundur Bernharð, grafískir hönnuðir, hafa teiknað talsmennina og hannað myndheim þeirra. Talsmennirnir eiga fyrst og fremst að höfða til barna. Þó svo talsmaðurinn tali til barnanna eiga skilaboðin að skila sér til fjölskyldna þeirra í leiðinni.

Talsmaðurinn mun auðvelda öll samskipti við börn og auka þannig staðarvitund þeirra og þekkingu á umhverfismálum. Slíkt kemur til með að vera hvatning til hreyfingar og útivistar, auka stolt af heimaslóðum, styrkja rætur þeirra og tengingu við svæðið. Talsmennirnir munu vonandi auka stolt allra íbúa á Suðurnesjum í framtíðinni ef vel tekst upp og verða áberandi og einkennandi fyrir svæðið.

Nú er það svo að tilbúnar eru teikningar af talsmönnunum, baksaga og drög að bók. Þá fékkst styrkur frá miðstöð íslenskra bókmennta til útgáfu bókar um Veröld vættanna. Stefnt er að því að hefja vinnu við bókina snemma á næsta ári. Möguleikarnir á áframhaldandi þróun og notkun þeirra geta verið óendanlegir. Hann getur komið skilaboðum á framfæri í útgefnu efni, s.s. sýningum, bókum, námsefni, á vef, gegnum samfélagsmiðla og kynningarefni, í gegnum leikið efni, minjagripi, o.s.frv. Verkefnið er styrkt af Uppbyggingarsjóði Suðurnesja.

Ársskýrsla 2019

Opnir fundir

Markaðsstofa Reykjaness og Reykjanes Geopark stóðu fyrir opnum fundum um ferðamál á Reykjanesi í samstarfi við sveitarfélögin á Suðurnesjum í lok febrúar 2019. Á fundunum var starfsemi Markaðsstofu Reykjaness og Reykjanes Geopark kynnt sem og stefna sveitarfélaganna í ferðamálum. Að loknum stuttum kynningum var opnað fyrir fyrirspurnir og almennar umræður. Góð mæting var á alla fjóra fundina en þeir voru kynntir með dreifibréfi sem dreift var inn á öll heimili og fyrirtæki á Suðurnesjum.

Markaðsstofa Reykjaness og Reykjanes Geopark buðu sameiginlega til fundar um ferðaþjónustu og markaðssetningu 28. febrúar 2019 líkt og undanfarin ár, yfirskrift fundarins var Áfangastaðurinn Reykjanes – Tækifæri eða Tálsýn. Erindi á fundinum voru m.a. Atli Kristjánsson hjá Bláa Lóninu, Theodóra Þorsteinsdóttir hjá ISAVIA, Edda Kentish frá Hvíta húsinu og fundarstjóri var Breki Logason. Rokksafn Íslands hlaut Nýsköpunar og hvatningarverðlaun ferðaþjónustunnar á Reykjanesi 2019 sem veitt voru í lok fundarins.

Ársskýrsla 2019

Uppbyggingarsjóður Suðurnesja

Verkefnastjóri: Björk Guðjónsdóttir

SÓKNARÁÆTLUN
SUÐURNESJA

Uppbyggingarsjóður er samkeppnissjóður. Sjóðurinn hefur það hlutverk að styrkja menningar- og nýsköpunarverkefni, auk annarra verkefna sem falla að sóknaráætlun landshlutans. Sjóðurinn styrkir að jafnaði ekki meira en 50% af heildarkostnaði verkefna. Á vef Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, sss.is er hægt að nálgast allar upplýsingar sem umsækjendur um styrk þurfa á að halda við gerð umsókna. Á síðunni má einnig nálgast verklagsreglur og Sóknaráætlun Suðurnesja sem umsækjendur þurfa að kynna sér við gerð umsókna.

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum annast umsýslu sjóðsins. Auglýst er opinberlega minnst einu sinni á ári, eftir umsóknum um styrki til verkefna, sem samræmast sóknaráætlun landshlutans.

Ársskýrsla 2019

Í samstarfi við stýrinefnd Sóknaráætlunar var hafist handa við að vinna sameiginlega vefumsjónargátt sem var tekin í notkun október 2017. Umsóknarferlið 2019 fór í gegnum Ísland.is . Vinnunni við verkefnið er þó engan veginn lokið. Stefnt er að því að öll samskipti við umsækjendur og styrkþega og skil á skýrslum fari í gegnum gáttina, en fjármagn hefur skort til að ljúka þeim hluta.

Á árinu 2018 var unnið kynningarmyndband um Uppbyggingarsjóði Suðurnesja, þar sem kynnt voru fjögur verkfni sem hlotið höfðu styrk frá sjóðunum. Það þótti takast vel og var myndbandinu aftur deilt á samfélagsmiðlum í umsóknarfresti fyrir úthlutun j2019. Myndbandið má nálgast á Youtuberás Uppbyggingarsjóðs Suðurnesja.

Jafnframt var fyrir úthlutun ársins 2019 látið gera leiðbeiningarmyndband sem á að auðvelda umsækjendum að fylla út umsókn. Það leiðbeiningarmyndband geta umsækjendur ávallt nálgast á vefsíðu Sambands sveitarfélaga á Suðurnesja sss.is/Uppbyggingarsjóður Suðurnesja. Uppbyggingarsjóður Suðurnesja hafði forgöngu með gerð leiðbeiningarmyndbandsins, sem síðan aðrir Uppbyggingarsjóðir á landsbyggðinni, tóku í sína notkun.

Úthlutun ársins 2019 var jafnframt síðasta úthlutun samkvæmt Sóknaráætlun sem gilti frá árinu 2015 til 2019. Að þessu sinni voru 36 verkefni styrkt.

Markmið	Að styðja við nýsköpun í menningarmálum
Aðgerð	Fjölga umsóknum menningarverkefna í Uppbyggingarsjóð
Árangur	Að menningarumsóknum fjölgi um 5% - ekki fengust upplýsingar um þetta markmið. Meirihluti verkefna eða 23 var úthlutað til menningarverkefna en samtals var úthlutað til 36 verkefna.